

1. Kostnaðaráætlunum og uppdráttum teiknistofunnar. 214
2. Skýrslum styrkbeiðanda um stofnkostnað húsanna. Skýrslur þessar skulu gerðar á sérstök eyðublöð, er nýbýlastjórn gefur út, og skulu fylgja þeim frumreikningar yfir allt aðkeypt efni og vinnuskrár. <sup>9/8 '38</sup>
3. Álitsgerð teiknistofunnar um varanleik og frágang húsanna, þegar búið er að fullgera þau.

#### 9. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalaust fylgifié jarðarinnar, sem undanþegið er eignaskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. ágúst 1938.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

215

<sup>22/8 '38</sup>

### Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni hefir sýslunefnd á hendi, en einstakar hreppsnefndir og bæjarstjórnir umsjón og framkvæmd.

##### 2. gr.

Enginn má ónáða fénað á fjalli eða í heimahögum án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar.

Auk venjulegra eyrnamarka, skal hverjum fjáreiganda skylt að hafa allt hyrnt fé sitt greinilega brennimerkt hreppsbrennimarki á vinstra horni.

##### 3. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn boðar með fjallskilaseðli, þrem vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig haga skuli göngu, og hverjir skuli sækja fé til rétta innan sýslugirðingar.

##### 4. gr.

Skylt er öllum grashýlismönnum og fjáreigendum að smala sjálfir heimalönd sín og koma fénaði þaðan til allra lögrétta.

Fjallskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Hann er og skyldur að sækja fé til rétta innan sýslugirðingar eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Til réttaferða skulu jafnan valdir markglöggir og áreiðanlegir menn. Smölunum og réttaferðum skal jafna niður eftir fjár eign. Sendimenn þeir, er hirða fé í réttum, skulu afhenda það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða þeim öðrum, er hún ákveður. Sé fénaður geymdur í réttum eða girðingum næturlangt, skal yfir honum vaka. Heimilt er hreppsnefnd eða bæjarstjórn að jafna niður fjallskilakostnaði í peningum, ef hún telur það hagkvæmara.

## 5. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn skipa eitarforingja og réttastjóra. Leitarforingjar skipa í leitir og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna.

Reynist maður, sem sendur er í leit, svo illa útbúinn, að hann getur ekki unnið fullt gagn, að dómi leitarstjóra, er leitarstjóra heimilt að ráða annan mann í hans stað á kostnað hlutaðeigandi húsbónda. Sjúku fé og ósjálfbjarga ber einnig að koma til réttar.

## 6. gr.

Réttastjórar sjá um öll réttastörf. Sjá þeir um, að allir markleysingar séu dregnir sér í deild og mönnum gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín svo sem kostur er á. Við drátt fénaðar gengur hornmark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimark fyrir eyrna- og hornmarki, en greinilega áletrað spjald fyrir öllum öðrum mörkum og merkjum. Þó er sá, sem forgangsmerkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess verður krafizt, hvernig hann hefir eignast skepnuna. Úrgangs fé það, sem afgangsverður, eftir nákvæma skoðun við skrádrátt, svo og óútgengna markleysingja, afhendir réttastjóri hreppstjóra til sölu við réttalok sem óskilafé. Hross, sem rekin eru til rétta og í óskilum, skulu afhent hreppstjóra, sem þá skal sjá um vörzlu á þeim og auglýsa eftir eiganda þeirra í viðlesnu blaði eða útvarpi. Gefi eigandi sig ekki fram innan þriggja vikna, skal með það farið sem annan óskilafénað, sbr. 13. gr.

## 7. gr.

Lögréttir á hausti fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað eru:

1. Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurhrepp. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
2. Hraunrétt fyrir Garða- og Bessastaðahreppa og Hafnarfjarðarkaupstað. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Vogarétt fyrir Vatnsleysustrandarhrepp. Aðalhaustrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars.
4. Ásarétt fyrir Hafna-, Miðnes-, Gerða- og Keflavíkurhreppa. Aðalhaustrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars.

Tvær skilaréttir fara fram í lögrétt hverri sama vikudag, sú fyrri 2. vikudag eftir aðalrétt, en hin síðari 2 vikum þar á eftir.

Auk ofangreindra lögrétta, skal núverandi Krísvíkurrétt notuð sem sundurdráttarrétt fyrir sýslubúa, og skal fé þar skrádregið. Sýni reynslan það, að heppi-legra sé að hafa sundurdráttarréttina á öðrum stað, skal heimilt að flytja hana eða gera að lögrétt, ef meiri hluti fjáreigenda óskar.

Leitarstjóri Grindavíkurhrepps sér um sundurdrátt í Krísvíkurrétt.

## 8. gr.

Auk framangreindra aðalhaustrétta, skal girðingarnefnd fyrirskipa sameiginlega smölun á sauðfé, er fari fram eigi síðar en 11. nóvember ár hvert. Skal sú smölun framkvæmd sama dag í öllum nágrannahreppum innan sýslunnar, og hrútar þá teknir til hirðingar.

Eftir þessa síðustu smölun skulu hreppsnefndir greiða fyrir fénaði nágrannahreppa, sem koma kann fyrir í smölunum, með því að tilkynna það hlutaðeigendum.

## 9. gr.

Hreppsnefnd skal, í samráði við girðingarnefnd sýslunnar, skipa fyrir um almennar smalanir á vorin, eigi síðar en í 6. og 10. viku sumars, eftir nánari ákvæðum um einstaka daga eftir því sem best þykir henta. Í vorréttum skal hreppsnefnd skipa 2 skilgóða menn til að hafa eftirlit með rúning og mörkun lamba, svo og

allri annari fyrirgreiðslu aðkomins fénaðar. Eftirlitsmenn vorrétta hera ábyrgð á 215  
allri fyrirgreiðslu fénaðar, enda geta þeir kvatt menn sér til hjálpar eftir þörfum. <sup>22/s '38</sup>  
Kostnaður við rúning fjár og mörkun lamba greiðist af fjáreigendum, og skal hann  
vera 50 aurar fyrir að rýja kind, og 25 aurar fyrir að marka lamb. Óheimilt er mönn-  
um að yfirgefa vorrétt án leyfis eftirlitsmanna. Skal auglýst í öllum hreppum sýsl-  
unnar og Hafnarfirði hvenær vorsmalanirnar fara fram.

#### 10. gr.

Réttarstæði má breyta eftir tillögum hreppsnefnda, ef meiri hluti fjallskyldra  
manna í hreppum réttarfélagsins samþykkja.

Ef hreppsnefndir, þar sem fleiri hreppar eru í sama réttarfélagi, óska að slíta  
félagsskap um rétt, geta þær snúið sér til sýslunefndar með tillögur sínar, og skal  
sýslunefnd þá leita samkomulags viðkomandi hreppsnefnda og síðan fella fullnaðar-  
úrskurð um málið.

#### 11. gr.

Bygging og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum innanhreppsmanna, sömu-  
leiðis dilka við útréttir, annast hreppsnefnd þeirrar sveitar, sem réttin liggur í.

Skylt skal utansveitarmönnum að hafa dilk fyrir fénað sinn eftir tilvísun hrepps-  
nefndar, þar sem réttin er. Fjallskilaskyldir réttarfélagsmenn vinna að bygging og  
viðhaldi rétta eftir skipun hreppsnefndar.

### II. KAFLI

#### Eyðing refa.

#### 12. gr.

Hreppsnefnd skal vandlega hafa gát á og sporna við því, að refir geti hafzt við  
í löndum sveitarinnar. Skal hún í því skyni fyrirskipa grenjaleitir, eigi síðar en í  
6. eða 7. viku sumars. Finnist gren, skal hún tafarlaust gera ráðstafanir til þess, að  
þau verði unnin og refum yfirleitt eytt, hvenær og hvar sem hittast. Kostnaður við  
eyðing refa greiðist úr sveitasjóði.

### III. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 13. gr.

Óskilafénað og ómerkinga úr öllum lögréttum, svo og óskilahross, er fyrir kunna  
að koma eftir haustréttir, skal sá, er slíkur fénaður kemur fyrir hjá, senda hlutað-  
eigandi hreppstjóra, er annast um að koma fénaðinum til skila til eigenda, gegn  
sanngjarnri þóknun. Finnist ekki réttur eigandi að fénaði, skal með hann farið sem  
annan óskilafénað.

Allt andvirði hins selda óskilafjár, sem fyrir kann að koma innan girðingar-  
svæðis, sé lagt í sjóð, sem skal varið til viðhalds á sýslugirðingunni.

Skal viðkomandi hreppstjóri, sem lögrétt heyrir undir, sjá um skil á andvirði  
óskilafjár til gjaldkera girðingarnefndar, eigi síðan en í lok næsta árs, ásamt skila-  
grein hreppstjóra.

#### 14. gr.

Lýsingu af seldum óskilafénaði, sem eigendur hafa eigi fundizt að, skal hrepp-  
stjóri senda til birtingar í Lögbirtingablaðinu fyrir lok jan. ár hvert. Þeir, sem hafa  
sannað eignarrétt sinn að hinum selda fénaði fyrir næstu fardaga, fá uppboðsand-

215 virðið að frádregnum innheimtulaunum og kostnaði. Að öðrum kosti gengur and-  
 22/8 '38 virði hins selda fénaðar til gjaldkera girðingarsjóðs fyrir árslok, ásamt skila-  
 grein hreppstjóra.

## 15. gr.

Í rekstrum, hvort heldur sauðfjár eða hrossa, er fara eiga í kaupstað til slátrunar eða í aðrar sveitir, skal hver skepna hafa glögg rekstrarmark. Með slíka rekstra má eigi vera á ferð nema í björtu, né dreifa þeim í haga, án leyfis landráðanda. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum 20 til 100 kr., er greiðist til girðingarsjóðs.

## 16. gr.

Gangi fénaður að staðaldri í löglega girtum túnnum eða matjurtagörðum manna, skal það tilkynnt eiganda fénaðarins. Er honum þá skylt að koma í veg fyrir, að slíkt endurtaki sig, en sinni hann því eigi, má kæra til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá gerir tafarlaugar ráðstafanir til þess, að áganginum verði aflétt.

## 17. gr.

Bannað er að misþyrma skepnum á nokkurn hátt, svo sem með svelt, hundbeiting, hártogun eða öðru þvílíku við réttir, í rekstrum eða gæzlu, í leitum, heimasölun eða annari viðureign. Brot gegn þessu ákvæði varða skaðabótum og hegningu að lögum.

## 18. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, þótt hann sé ekki ánægður með þær. Hins vegar getur hann kært yfir órétti þeim, er hann þykist beittur, til sýslunefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um málið.

## 19. gr.

Þar sem upphæð sekta er ekki ákveðin við einstakar greinar í reglugerð þessari, varðar brot gegn því frá 5 til 200 kr., er renna í girðingarsjóð.

## 20. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu meðhöndluð sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Hafnarfjarðar-kaupstaðar hafa samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1938.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*